

Vegna leyfis til framkvæmda við Dettifossveg og kynning á framkvæmdum við Vesturdalsveg (889-03)



1. Kynning á framkvæmd við Vesturdalsveg (889-03)

Til kynningar sendir Vegagerðin gögn um fyrirhugaðar framkvæmdir við Vesturdalsveg, tengiveg nr. 889-03 á vegaskrá, að Hljóðaklettum um Vesturdal. Um er að ræða lágmarksaðgerðir á núverandi vegi til þess að unnt sé að leggja á hann slitlag. Planlega vegarins fylgir að öllu leyti núverandi vegi því verður áfram gert ráð fyrir hægri umferð um einbreiðan veg. Vegur verður lagður skv. vegtegund D₄ sem er 4 m breiður með 3,5 m breiðu slitlagi og 2,5 m breiðum útskotum til mætinga. Meðfylgjandi má finna safn teikninga fyrir veginn (yfirlitsmyndir, grunnmyndir, langsnið og þversnið):

862-Ver_00-Teikningar saman.pdf

2. Kynning á fyrri stigum og framkvæmdaleyfi vegna framkvæmda við Dettifossveg

Í Matsskýrslu frá árinu 2006 eru endurbyggingaráform á 0,8 km vegkafla um Vesturdal að Hljóðaklettum kynntar ásamt stækkun bílastæðis við Hljóðakletta. Enn fremur kemur fram í matsskýrslu að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort endurbæturnar verði hluti af framkvæmd við byggingu Dettifossvegar því óvissa ríkti um fjárveitingar. Í skýrslu MÁU kemur fram ósk Umhverfisstofnunar um að vegkaflinn að Hljóðaklettum og bílastæðið verði bundinn slitlagi. Ósk Umhverfisstofnunar var ítrekuð í áliti Skipulagsstofnunar frá 27. júlí 2006 en fyrsta skilyrði af sex var svohljóðandi:

1. Tryggt verði að samhliða vegagerð og sem hluti af mótvægisaðgerðum vegna aukins fjölda ferðamanna með tilkomu Dettifossvegar þarf Vegagerðin í samráði við þjóðgarðsyfirvöld að gera áningarstaði og útskot við veginn. Einnig þurfi Vegagerðin að lagfæra bílastæði og aðkomuvegi að þeim við Dettifoss og Hafragilsfoss, Hólmatungur, við upplýsingahús í Vesturdal og við Hljóðakletta, gera nýtt bílastæði og aðkomuveg að því við Ytra-Þórunnarfjall, og malbikaða göngustíga (frá bílastæðum) að Dettifossi, Ytra Þórunnarfjalli og Hljóðaklettum.

Í febrúar 2010 var könnuð matsskylda á breytingum vegna nýrrar tengingar að Hólmatungum og Langavatnshöfða. Í könnuninni kemur fram að áfram standi til að lagfæra Vesturdalsveg líkt og kynnt hafði verið í MÁU árið 2006. Norðurþing ítrekaði í umsögn sinni við könnun á matsskyldu í febrúar 2010 að nýr vegur að

Langavatnshöfða megi ekki koma í veg fyrir slitlagningu vegar í Vesturdal.

Í samþykktu deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir að vegur um Vesturdal að Hljóðaklettum verði bundinn slitlagi.

Árið 2014 sótti Vegagerðin um framkvæmdaleyfi til framkvæmda við Dettifossveg. Í framkvæmdaleyfi Norðurþings, dagsett 6. maí 2014 eru ekki tilgreind önnur skilyrði en Skipulagsstofnun hafði áður sett fram þann 27. júlí 2006 og eru þau tilgreind í framkvæmdaleyfi Norðurþings.

Í fylgiskjali má sjá gildandi framkvæmdaleyfi frá Norðurþingi:

Norðurþing -leyfi til framkvæmda við Dettifossveg.pdf

3. Kæra Samtaka um Náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN)

Í júlí 2020 barst úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála kæra vegna framkvæmda Vegagerðarinnar í Vesturdal sem leiddu til stöðvunar framkvæmda við veginn. Málsaðilar, Vegagerðin, SUNN og Vatnajökulspjóðgarður, leituðu sátta þar til SUNN sleit sáttaviðræðum og vísaði málinu til úrskurðar hjá nefndinni í byrjun janúar 2021.

Á meðan sáttaviðræðum stóð var fyrirhuguðum framkvæmdum við Vesturdalsveg, frá upplýsingahúsi í Vesturdal að bílastæði við Hljóðakletta breytt á þann veg að hækkun vegar var haldið í algeru lágmarki til lagningar bundins slitlags auk þess sem hæðarsetningu og afvötnun bílastæða var breytt þannig að þau myndu skera sig sem minnst frá óhreyfðu landi umhverfis bílastæðin.

Úrskurður nefndarinnar lá fyrir þann 25. febrúar 2021. Þar var kröfu kæranda um ógildingu framkvæmdaleyfis hafnað og málinu að öðru leyti vísað frá. Í úrskurði kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir við Vesturdalsveg skuli kynntar fyrir sveitarstjórn sem metur hvort sækja þurfi um nýtt framkvæmdarleyfi.

4. Samráð við Þjóðgarðsyfirvöld

Frá undirbúningi framkvæmda við Dettifossveg og á meðan framkvæmdum stendur hefur Vegagerðin átt í mjög góðu samstarfi við Þjóðgarðsyfirvöld. Með fylgir bréf frá Vatnajökulspjóðgarði dagsett 14. janúar 2021 um samráð og sátt þjóðgarðsins við kynnt framkvæmdaáform:

Svar Vatnajökulsþjóðgarðs vegna Dettifossvegar dags.
14.01.2021.pdf

5. Afstaða sveitarfélags til gildandi framkvæmdaleyfis

Vegagerðin kallar eftir afstöðu sveitarfélags til þess hvort kynnt framkvæmd í Vesturdal krefjist nýrrar umsóknar um framkvæmdaleyfi eða hvort framkvæmdaáformin rúmist innan gildandi leyfis frá 6. maí 2014.

Virðingarfyllst, Margrét Silja

Þorkelsdóttir

Síða 3/3

Vegagerðin